

## Útkomið i A.-deild Stjórnartíðindanna:

*Opíð brjef, er skipar Hans konunglegu tign prins Christian af Danmörku ríkisstjóra, undirskrifað af konungi 28. maí 1902 (A. nr. 14, bls. 50—51).*

*Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af ríkisarfa 19. júní 1902 (A. nr. 15, bls. 52—53).*

*Bodskapur konungs til alþingis, undirskrifaður af ríkisarfa s. d. (A. nr. 16, bls. 54—55).*

*Lög fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi i hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, undirskrifuð af ríkisstjóra 8. júlí 1902 (A. nr. 17, bls. 56—59).*

*Lög um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, undirskrifuð af ríkisarfa s. d. (A. nr. 18, bls. 60—61).*

*Hæst auglýsing um að ríkisarfi sje kominn heim aftur, undirskrifuð af ríkisarfa 12. júlí 1902 (A. nr. 19, bls. 62—63).*

*Auglýsing um bann gegn því, að fluttar sje til Íslands ósútaðar hitir og skinn, nema söltuð sje, og dhert, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A. nr. 20, bls. 64—65).*

*Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur, undirskrifuð af konungi 17. júlí 1902 (A. nr. 21, bls. 66—67).*

## Endurskoduð samþykkt

um stjórn bæjarmálefna i Reykjavík.

70  
1. ágúst.

### I.

Um stjórn og framkvæmdir á bæjarmálefnum.

#### 1. grein.

Í bæjarstjórn kaupstaðarins eiga 13 menn sæti auk bæjarfógeta.

#### 2. grein.

Sjerstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórnin kys. Þessar nefndir eru: 1. Fjárhagsnefnd; 2. Fátækraneftnd; 3. Skólanefnd; 4. Byggingarneftnd; 5. Veganeftnd; 6. Eldsvoðaneftnd; 7. Hafnarneftnd; 8. Heilbrigðisneftnd. Ennfremur kys bæjarstjórnin 2 menn i skattaneftnd og 1 mann i stjórn Fiskimannasjóðsins. Þeir menn, sem kosnir eru i nefndir þessar, fara frá þriðja hvert ár, þá er vanalegar bæjarfulltrúakosningar eru um garð gengnar, en þó má þá endurkjósa. Fáí einhver hinna kosnu nefndarmanna þau forföll, að hann geti eigi gegnt starfa sínum, kys bæjarstjórnin annan i hans stað, ef henni þykir þess þurfa, og gegnir sá starfi hins, unz kosningar á bæjarfulltrúum fara fram. Bæjarstjórnin getur tekið sjerhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið sje fastrí nefnd, og er það mál þá gengið úr höndum þeirrar nefndar.

#### 3. grein.

Í fjárhagsneftndinni er bæjarfógeti formaður, en auk hans eiga i henni sæti 2 af bæjarfulltrúunum. Neftnd þessi veitir forstöðu öllum fjárhag bæjarins,

25. dag ágústmánaðar 1902.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.

**70** býr undir áætlun, annast reikninga, ávísar öll útgjöld, sjer um stjórn fjehirðis á 1. ágúst bæjarsjóði, að hann hegði sjer eptir erindisbrjefi sínu, riti rjett og reglulega bækur sínar, byrji skattakröfur allar og ljúki þeim á rjettum tíma, svo sem fyrir er skipað. Hún hefir eptirlit með því, að tekjurnar sjeu goldnar á rjettum tíma, og að gengið sje eftir óloknum gjöldum, og það fje sett á vöxtu, er umfram kann að vera gjöldunum. Nefndin hlutast til um, að samin sje skrá yfir gjöld þau, er greiða skal af föstum lögboðnum tekjustofnum, t. a. m. gjöld af húsum og óbyggðri lóð, og skal skrá þessi vera bæjarbúum til sýnis ásamt niðurjöfnunar-skránni.

Nefndin skipar fyrir um, hversu reikningsbækur gjaldkera eða annara, er hafa kunna umráð yfir fje bæjarins, skuli vera lagaðar, leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli í því efni, og gætir þess, að reglum þeim sje hlýtt, sem um það efni eru settar. Svo ber og nefndinni að hafa eptirlit á öllum fjárbirgðum hjá gjaldkera og hverjum öðrum, er hafa kunna fje bæjarins undir höndum.

Nefndin ritar í ávísunarbók allt það, er hún ávísar, og skulu í bók þessari vera greindir allir aðaldálkar og liðir áætlunarinnar, hver sjer. Á ávísanirnar skal ávallt rita, til hvers dálks og liðar gjaldið skuli telja.

Alla reikninga til bæjarsjóðs skal senda nefndinni; rannsakar hún þá, sjer um að þeir sjeu nægilega vottaðir, að rjettir sjeu, hafi áætlunarheimild, eða gilt atkvæði bæjarstjórnarinnar við að styðjast, og ávísar þá síðan til greiðslu.

Gjaldkeri má eigi greiða neitt fje úr bæjarsjóði nema allir nefndarmenn hafi undirskrifað ávísanina. Ef einhver nefndarmanna vill eigi ávísá reikning, skal leggja hann fyrir bæjarstjórnina, og sker hún úr, hvort greiðsla skuli eiga sjer stað eða eigi, og ritar þá bæjarfógeti á ávísunina, ef greiða skal.

#### 4. grein.

Bæjarfógeti er formaður fátækranefndarinnar, en auk hans eiga sæti í henni þrjár bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefir á hendi alla stjórn fátækramála; hún sjer fyrir öllum sveitarómögum, annast greptun þeirra og lögflutning, allar brjefaskriftir um fátækramálefni, og viðskifti við önnur sveitarfjelög; hún sjer um að tekjur þær, er fátækra sjóðnum bera, sjeu greiddar og rjett taldar í bókum gjaldkerans. Nefndin hagtærir því fje, sem veitt er til ómaga og þurfamanna; hún semur um meðgjafir með ómögum og önnur útgjöld fátækra sjóðsins.

Nefndin hefir á hendi alla umsjón með húsmennsku og lausamennsku manna í bænum, sem tilsk. 26. dag maímánaðar 1863, 12. gr., felur sveitarstjórnun, sbr. lög 2. febrúar 1894 um breytingu á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Nefndin ráðstafar styrk þeim, sem veittur verður fátækum börnum úr Thorkillisjóði, og semur allar skýrslur, sem að því lúta.

Dómkirkjupresturinn hefir sæti og atkvæði á fundum nefndarinnar, þá er ræða skal um meðferð á styrk þeim, sem veittur er úr Thorkillisjóði, sem og um hvert annað mál, er snertir kennslu og uppeldi fátækra barna.

Til aðstoðar nefndinni má bæjarstjórnin kjósa fátækra stjóra (fátækra full-

trúa), svo marga, sem þurfa þykir, og eiga þeir meðal annars að hafa sjerstaklega umsjón með sveitarómögum og þurfamönnum, einkum hver í sínu hverfi, 1. ágúst. 70 hafa nákvæmar gætur á högum þeirra, heimilisástæðum og háttalagi, og stuðla að því, að þurfamenn noti efni sín með sparnaði og forsjá, leiti sjer atvinnu eptir megni, og kosti kapps um að bjarga sjer og sínum sem mest af rammleik sjálfs sín. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði eigi til greina tekin, nema fátækrafulltrúinn í hans hverfi styðji hana, og má ávísa honum styrknum til hagtæringar fyrir þurfamanninn, ef ástæða þykir til. Fátækrafulltrúarnir skulu gera sjer far um, að afla (sjer) nákvæmra skýrslna um aðkomna þurfamenn, er orðið hafa öðrum sveitum til þyngsla, eða hætt er við, sem að eigi geti haft ofan af fyrir sjer í kaupstaðnum.

Fátækrafulltrúarnir koma á fund fátækranefndarinnar svo oft, sem hún óskar þess, og skulu þeir ávallt vera á fundi, þá er sveitarómagar eru skrifadir upp, eða rætt um, að koma þeim fyrir, en eigi ber þeim atkvæði.

#### 5. grein.

Skólaneftin skal hafa umsjón með kennslunni í barnaskólanum, og öllu því, sem barnaskólann varðar. Í henni eru dómkirkjupresturinn og 2 menn aðrir, sem bæjarstjórnin kýs, og skal annar þeirra að minnsta kosti vera úr flokki bæjarfulltrúa.

Stjórn á tekjum og gjöldum skólans hefir bæjarstjórnin sjálf á hendi og alla umsjón með sjóði hans og reikningum.

Nefnd þessi annast þau málefni, er lúta að ætlunarverki skólans, kennslu barna, inntöku þeirra í skólann og hurtför þeirra úr honum, og hver börn skuli njóta kennslu ókeypis; hún hefir og eftirlit með fræðslu og hegðun barnanna og að skólareglunum sje fylgt; henni ber að gæta allra þeirra starfa við skólamálefni, sem til eru tekin í reglugjörð 27. dag októbermánaðar 1862, og eigi eru lögð beinlínis undir bæjarstjórnina eptir tilsk. 20. dag. aprilmánaðar 1872, 14. gr.

#### 6. grein.

Í byggingarneftinni er bæjarfógeti formaður. Auk hans eiga sæti í nefndinni slökkviliðsstjóri og 4 menn, er bæjarstjórnin kýs, 2 þeirra úr sínum flokki.

Nefnd þessi annast byggingarmálefni kaupstaðarins, samkvæmt því sem fyrir er mælt í opnu brjefi 29. maí 1839, lögum nr. 17, 13. september 1901, lögum nr. 4, 2. febrúar 1894 og byggingarsamþykkt kaupstaðarins.

#### 7. grein.

Bæjarstjórnin kýs 5 menn úr sínum flokki í veganeftin, og kýs nefndin sjálf formann sinn. Veganeftin hefir á hendi allar framkvæmdir og ráðstafanir um vegagerðir, og endurbætur og hirðing á vegum, svo og um rennur, vatnsból og götulýsingu, allt eptir ákvæðum bæjarstjórnarinnar.

Ennfremur hefir veganeftin umsjón með allri fasteign bæjarins, svo sem tünnum, slægjum, mótaki, grjótnámi, svo og áhöldum og húsum, að svo miklu leyti sem það er eigi öðrum falið. Veganeftin semur og leggur fyrir bæjarstjórn

1. ágúst fyrir árslok áætlun um, hvernig verja skuli því, sem ætlað er á næsta ári til þeirra bæjarþarfa, sem veganefndin á að annast.

#### 8. grein.

Í eldsvoðanefnd skulu sæti hafa: bæjarfógeti, og er hann formaður nefndarinnar, slökkviliðsforinginn og 3 bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin til þess kýs. Hún skal vandlega fylgja reglum þeim, sem settar eru í reglugjörðum um slökkvilið Reykjavíkurbæjar 31. dag októberm. 1874 og 2. dag febrúarm. 1875, og fullnægja öllum þeim skyldum, sem henni eru þar á herðar lagðar.

#### 9. grein.

Í hafnarnefndinni hafa sæti: bæjarfógeti, og er hann formaður, og 2 menn, er bæjarstjórnin kýs; skal að minnsta kosti annar þeirra vera einhver bæjarfulltrúanna. Nefndin hefir umsjón og stjórn hafnarmálefna, samkvæmt reglugjörð 15. maí 1856 og lögum nr. 17, 13. september 1901. Gjaldkeri bæjarins skal og vera gjaldkeri hafnarsjóðs.

#### 10. grein.

Heilbrigðisnefndina skipar bæjarfógeti, hjeraðslæknir og einn bæjarfulltrúi, er bæjarstjórnin til þess kýs. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar. Heilbrigðisnefndin skal sjá um, að heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins sje fylgt.

#### 11. grein.

Samkvæmt lögum 14. dag desembermán. 1877 um tekjuskatt hafa sæti í skattanefndinni bæjarfógeti, sem er formaður nefndarinnar, og 2 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

Í októbermánuði ár hvert semur hún skrá um tekjur þeirra bæjarbúa, sem skatt eiga að greiða í landssjóð, samkvæmt lögum þeim, sem þegar voru nefnd (20. gr.).

#### 12. grein.

Bæjarstjórnin má fela einum eða fleirum úr sínum flokki að framkvæma einstök málefni. Hún má og til framkvæmdar á slíkum störfum kjósa einhverja aðra bæjarbúa; en til þessara ráða skal bæjarstjórnin taka því að eins, að brýna nauðsyn beri til, ef málið heyrir undir hinar föstu nefndir, sem skipaðar eru samkvæmt 2. grein.

#### 13. grein.

Bæjarfógetinn annast framkvæmd á málefnum þeim og ráðstöfunum bæjarstjórnarinnar, sem eru eigi falin öðrum á hendur. Honum ber að annast allar brjefaskriptir bæjarstjórnarinnar og nefnda þeirra, sem hann er formaður í.

## II.

Um starfa niðurföfnunarnefndarinnar og innheimtu bæjargjalda.

#### 14. grein.

Niðurföfnunarnefndin skal skipuð 9 mönnum; kjósa þeir sjálfir formann sinn.

#### 15. grein.

Nefndin semur skrá yfir alla þá, er greiða eiga bæjargjald eftir efnunum

og ástæðum á næsta ári. Þess skal getið í sjerstökum dálki, ef gjaldandi hefur jafnframt fasta dvöl annarsstaðar. 1. ágúst

## 16. grein.

Niðurjöfnun bæjargjalda skal lokið eigi síðar en innan útgöngu nóvembermánaðar ár hvert. Við niðurjöfnun gjaldanna ber nefndinni sjerstaklega að gæta þess, hverjar tekjur hver greiðandi hafi til að framfæra sig og sína, og aðra, er hann vinnur fyrir, til munaðar eða gróða eptir öllum efnahag hans og atvinnu. Hún skal og taka til greina, hversu tekjurnar eru á sig komnar, og allar heimilisástæður og ómagapunga af vandamönnum.

Til þess að hin áætlaða upphæð gjaldanna eptir efnum og ástæðum náist full, og rýrist ekki við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust fjárnám o. s. frv., ber nefndinni ávallt að jafna niður 5—10 af hundraði meira en til er tekið í áætluninni.

## 17. grein.

Reglur þær, sem settar eru um aðalniðurjöfnunina, gilda og um aukaniðurjöfnun, en hún á fram að fara í síðari hluta júnímánaðar.

## 18. grein.

Öll bæjargjöld, hvort heldur eru af lögboðnum tekjustofnum, eða eptir efnum og ástæðum, falla í gjalddaga ár hvert 1. dag janúarmánaðar og 1. dag júlímánaðar, að helmingi í hvort skiptið, og ber gjaldkera þá að innheimta þau. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

## 19. grein.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir innan febrúarmánaðarloka, og því næst liggja til sýnis bæjarmönnum 14 daga. Þá skulu reikningarnir sendir hinum kosnu endurskoðunarmönnum, og skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni fyrir 1. júlí. Athugasemdum endurskoðunarmannanna skal gjaldkeri hafa svarað fyrir 1. ágúst. Því næst semur fjárhagsnefndin ásamt endurskoðunarmönnum tillögur til úrskurðar um reikninginn, og skal því starfi lokið innan 15. dags ágústmån. Að svo búnu leggur bæjarstjórnin úrskurð á reikninginn til lögboðinnar afgreiðslu.

## III.

## Um starfsmenn kaupstaðarins.

## 20. gr.

Starfsmenn bæjarins eru:

## 1. Bæjargjaldkeri.

Hann annast innheimtu allra gjalda til bæjarsjóðs og hafnarsjóðs og allar greiðslur úr þeim sjóðum. Hann semur reikning yfir tekjur og gjöld þessara sjóða eptir þeim reglum, sem honum eru settar um það efni.

Ennfremur skal gjaldkeri árlega gjöra reikning yfir brunabótasjóð bæjarins.

## 2. Lögregluþjónar.

## 3. Næturveiðir.

## 4. Sótarar.

70

1. ágúst.

## 5. Slökkviliðsstjóri.

Starfsmönnum öllum skal launað eptir ákvæðum bæjarstjórnarinnar.

Lögregluþjónar og næturverðir skulu haga sjer eptir erindisbrjefi því, er lögreglustjóri semur handa þeim með ráði bæjarstjórnarinnar. —

Ad hve miklu leyti starfsmenn bæjarins fá eptirlaun, er þeir afsala sjer starfi því, sem þeim er falið, er komið undir ákvæðum bæjarstjórnarinnar í hvert skipti.

## IV.

Um ýmisleg kaupstaðarmálefni.

## 21. grein.

Bæjarstjórnin getur kveðið á um, að gata eða vegur, sem einstakir menn hafa notað, verði lögð til afuota fyrir almenning. Hún gefur götum og vegum nöfn. Ef leggja skal götur eða vegi frá upphafi, þar sem eigi hefur áður verið, ræður hún því, hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að, og hvernig þeir skuli greiða kostnað þann, sem á þá leggst, hvort heldur með peningum eða vinnu. Ef fleiri menn hafa sjerstakan veg í sameiningu, getur bæjarstjórnin lagt svo fyrir, að þeir skuli halda veginum greiðfærum.

Bæjarstjórnin ræður fyrirkomulagi á öllum ræsum, en bregði þeir, sem hlut eiga að máli, út af fyrirskipunum hennar um það efni, lætur hún laga það, sem henni þykir ábótavant, á kostnað hlutadeigenda.

Þegar svo ber undir, að lóðareigandi verður að afsala sjer lóð til tryggingar gegn eldsvoða, til nýrra vega eða breikkunar vega, eða til ræsa o. s. frv., skal hann fá endurgjald fyrir lóðina samkvæmt opnu brjefi 29. dag maimánaðar 1839 eptir ákvæði bæjarstjórnarinnar með samþykki landshöfðingja. Bæjarstjórnin getur og, ef hún svo vill, eða samningi verður eigi á komið, látið tvo óvilhalla dómkvadda menn meta endurgjaldið. Ef annarhvor málsaðila unir eigi matinu, er honum heimilt að leggja gjörð matsmanna undir yfirmat 4 dómkvaddra manna.

Kærun manna yfir ákvæðum og úrskurðum bæjarstjórnarinnar eptir þessari grein liggja undir úrskurð landshöfðingja.

Ákvæði um stundarsakir:

Kosning þeirra bæjarfulltrúa og niðurjöfnunar nefndarmanna, sem kosnir verð ai fyrsta sinn af hærri gjaldenda flokki samkvæmt þessari samþykkt til við bótar við þá, sem nú eru, gildir að eins þangað til næsta kosning á minni hluta bæjarstjórnar og niðurjöfnunar-nefndar fer fram.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 28. júlí 1902.

*Halldór Danielsson. Halldór Jónsson. Þórhallur Bjarnarson.*

*Sighvatur Bjarnason. Jón Jensson. Olafur Ólafsson. G. Björnsson.*

*Tryggvi Gunnarsson. Magnús Benjamínsson.*

\*

\*

\*

Samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl

1872, 31. gr., staðfestist hjermeð framanskriðuð endurskoðuð samþykkt um stjórn **70**  
bæjarmálefna í Reykjavík. **1. ágúst.**

Reykjavík 1. ágúst 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

## Reglugjörð

**71**

**12. júlí**

um

kirkjugarða.

Samkvæmt 8. gr. í lögum um kirkjugarða frá 8. nóvember 1901 er þessi reglugjörð sett.

### 1. grein.

Í hverri kirkjusókn skal vera vígður grafreitur eða kirkjugarður á hentugum stað við kirkjuna eða svo nálægt henni, sem við verður komið, til greftrunar sóknarmönnum og þeim mönnum öðrum, sem þar ber að jarða.

Sje grafreitur töluvert langt frá kirkju, skal þar vera líkhús, eða að minnsta kosti klukka sæmileg með umbúnaði til líkhringingar.

### 2. grein.

Grafreitur er friðhelgur, svo og legstaðir þeirra manna, sem þar eru jarðsettir. — Má þar engan hávaða gjöra, skemmtanir halda eða neitt það láta fram fara, sem raskar grafarfriðnum og er ótilhlýðilegt á slíkum friðhelgum stað.

### 3. grein.

Kirkjugarðar skulu vera vandlega umgirtir með hæfilegri girðingu, sem grip held sje bæði sumar og vetur, og með umbúnaði í sáluhlíði svo sem prófastur telur fullnægjandi. Þeir skulu vera svo reglulegir að lögun, sem við verður komið.

Umráðandi kirkjugarðs má slá hann, þó með varúð og hlífðarsemi, en alls eigi beita hann skepnum nje hleypa þeim þar inn á neinum tíma árs.

### 4. grein.

Þá er nýjan kirkjugarð þarf upp að taka eða auka við grafreit, skal fá vottorð hjeraðslæknis um, að ekki stafi sótt næmi af kirkjugarðinum, og leita því næst biskupssamþykkis og vígja grafreitinn um leið og lík er þar jarðað í fyrsta sinn. En áður en farið er að nota hann, skal, ef við þarf, laga reitinn, sljetta hann eða hækka upp, svo að hann verði vel hæfur til greftrunar.

Að kirkjugarði skal liggja greiður vegur, braut eða sæmileg gangstjett, svo að tál malaust sje að færa lík þangað til greftrunar.